

Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

10. tbl. • Október 2000

Agora - fagsýning þekkingariðnaðarins í Laugardalshöll 11. - 13. október sl.



Markaðstorg íslensks upplýsingatækniíðnaðar

Um 130 fyrirtæki, félög og stofnanir kynntu starfsemi sína á Agora, alþjóðlegri fagsýningu þekkingariðnaðarins, í Laugardalshöll dagana 11. til 13. október sl. Góð aðsókn var að sýningunni og tengdum viðburðum og hafa jafnt gestir sem sýnendur lát-ið vel af Agora. Sýningin dregur nafn sitt af gríska markaðstorginu Agora þar sem frumkvöðlar og fræðimenn þess tíma hittust reglulega til að kynna nýjar hugmyndir og ræða mál-in. Næsta sýning hefur verið ákveðin haustið 2002.

Á Agora kynntu Samtök iðnaðarins starfsemi Samtakanna og samvinnu



Sígt þöndum seglum á vit framtíðar.

Yfirbragð sýningarinnar var metnaðarfullt og sýnendum til mikils sóma.

við Heilbrigðistæknivettvang og Samstarfsvettvang sjávarútvegs og iðnaðar. Einnig kynntu Samtökin starfs-greinahóp UT-iðnað á Íslandi (Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja), Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar og vef um nám og störf í iðnaði; www.idnadur.is. Var að vonum í nógu að snúast enda aðsókn ágæt og áhugi gesta mikill.

Framhald á bls. 6

Sami grautur í sömu skál

Almenn samstaða er um að aðild Íslands að samningnum um EES hafi orðið íslenskum iðnaði og atvinnulífínu í heild til góðs. Meginbreytingin er aukin samkeppni og almennar evrópskar leikreglur sem tekið hafa við af okkar heimatilbúnu leikreglum og pólitísku ákvörðunum.

Þessar almennu leikreglur eru samræmd niðurstaða 15 ESB ríkja en gilda á öllu EES svæðinu, þannig að við og Norðmenn tökum upp þessar sömu reglur. Samráðið um innihald þessara reglna er lítið og minnkandi enda hafa EFTA ríkin Ísland og Noregur lítið bolmagn til að halda uppi þeirri umfjöllun sem til þyrfti til mótvægis við ESB.

MÖTUNEYTI ESB

Mörgum þótti hnyttilega að orði komist þegar sagt var að aðild að ESB væri eins og að vera í föstu fæði í mótuneyti. Þar verði að éta allt sem fram er borið fyrir eða seinna. Að vísu sé einstaka sinnum hægt að semja um tímabundin frávik eða aðlögun en að lokum verði allir að éta sama grautinn hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þetta er að mestu rétt en þar með er ekki öll sagan sögð.

Okkur líkar misvel við þær reglurnar

sem frá Brussel koma og þær eiga misvel við á Íslandi og í Noregi, í útjaðri Evrópu. Það er hins vegar staðreynd að þessar reglur eru sameiginleg niðurstaða þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við, versla við og keppa við. Þess vegna hentar okkur best sami reglugrautur og þeim. Hinn valkosturinn er nefnilega það myglaða starfsskilyrða sérféði sem íslenskir stjórnálamenn hafa borið á borð fyrir íslenskt atvinnulíf áratugum saman.

Í FÖSTU FÆÐI Í FORSTOFUNNI

Við erum í þeirri sérkennilegu stöðu með Norðmönnum að vera kostgangarar í föstu fæði í reglugerðamötuneyti ESB. Við mögulum stundum yfir fæðinu en viljum alls ekki snúa til baka í gamla sérféðið. Við höfum hins vegar afþakkað að vera í eldhúsinu þar sem verið er að elda grautinn. Rökin eru þessi: Við munum engin áhrif hafa í þessu eldhúsi. Það er búið að skrifa allar uppskriftirnar á öðrum og æðri stöðum. Ólíkt Norðmönnum hefur íslenska þjóðin ekki verið spurð hvort hún vilji vera í eldhúsinu. Stjórnvöld hafa ákveðið að okkur henti best að slafra í okkur það sem að okkur er rétt í forstofunni.

HAGSMUNIR AÐILDARRÍKJA

Stjórnvöld hafa útilokað aðild Íslendinga að ESB, að óbreyttri sjávarútvegsstefnu. Á það hefur hins vegar aldrei verið látið reyna hvort unnt væri að semja um viðunandi niðurstöðu í því máli. Réttur og grundvallarhagsmunir aðildarríkja ESB eru nefnilega ekki fótum troðnir í ESB, heldur ekki þeirra smæstu. Það er til að mynda óhugsandi að reglur verði settar sem myndu kollvarpa umfangsmikilli banka- og fjármálastarfsemi í Lúxemborg. Lúxemborgarar eru litlu fleiri en Íslendingar. Þeir hafa einna hæstar þjóðartekjur á mann í heiminum en hafa þó ekki efni á eigin mynt. Þeir hafa hins vegar lengi verið aðilar að ESB og bera sig bara vel. Allir vita að

þeir ráða ekki öllu í ESB eldhúsinu en þeir hafa þó átt sjálfan yfirkokkinn um tíma (Santer fyrrverandi forseta framkvæmdastjórnarinnar).

SKRÝTNIR ÚTREIKNINGAR

Skýrslu utanríkisráðherra hafa sumir viljað túlka sem tilraun til þess að reikna út hvort aðild að ESB myndi borga sig. Niðurstaða þeirra frumstæðu útreikninga er sú að aðild borgi sig ekki. Við myndum greiða meira til ESB en við gætum vænst að fá til baka í formi styrkja. Þessir útreikningar minna mjög á umræðuna um EES samninginn. Þá bentu útreikningar raunar til að sá samningur væri okkur hagkvæmur vegna þess að við myndum fá tollalækkun á saltsíld til Norðurlandanna. Þetta var það eina sem menn gátu reiknað út. Enginn verðmiði var settur á bætt starfsskilyrði atvinnulífsins, t.d. nýjar samkeppnisreglur, frelsi til fjármagnsflutninga eða reglur um opinber innkaup.

Þegar spurt er um rökin með og mót ESB aðild má umræðan ekki byggjast á útreikningum þar sem örfá atriði eru dregin fram en önnur mikilvæg atriði sem erfiðara er að verðmeta eru einfaldlega lögð til hliðar eins og þau séu ekki til.

HVAÐ VANTAR Í DÆMIÐ?

Skiptir okkur engu þó að íslensk heimili og fyrirtæki þurfi að borga helmingi hærri vexti af lánunum en í nágrannalöndunum? Skiptir engu að vitað er og viðurkennt að matvæla-verð í ESB er mun lægra en hér á landi? Skiptir engu máli að íslensk fyrirtæki þurfa enn að búa við sveiflur í tekjum og afkomu vegna gengissveiflna íslensku krónunnar? Hvað kostar að halda áfram með eigin gjaldmiðil, handónýta mynt, sem hvergi er gildur gjaldmiðill nema á Íslandi? Skiptir engu máli að erlendir aðilar eru tregir til að fjárfesta hér vegna þess að við erum ekki aðilar að ESB?

Hvernig er hægt að reikna út að ESB aðild komi ekki til greina án þess að taka ofangreind atriði inn í það reikningsdæmi? Hvar eru þeir útreikningar?

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
10. töl. Október 2000
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 24.10. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri og málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



Sérréttir bakara hitta í mark



Landssamband bakameistara efndi til öflugss kynningarátaks dagana 20.-29. september sl. Tilgangurinn var að vekja athygli á framlagi bakara til skyndiréttamarkaðarins. Allflestir bakarar um land allt tóku þátt í áttakinu sem fólst einkum í því að auglýsa í útvarpi og í brauðbúðum voru sett upp stór og smá veggspjöld skreytt myndum af girnilegum smáréttum.

Guðni Andreassen, formaður Landsambands bakameistara, lýsir mikilli ánægju með árangur áttaksins og telur að smáréttaframboð brauðbúða auki vægi þeirra í harðnandi samkeppni við stórmarkaðina. Þær séu smám saman að endurheimta viðskiptavinina. Hann segir að neysluhættir fólks hafi tekið örum breytingum á undanförunum árum því að með auknum hraða í samfélaginu aukist kröfur um fljótlegan, þægilegan, góðan og hollan mat og rétt eins og aðrir matvælaframleiðendur hafi bakameistarar brugðist við þessum þörfum.

Guðni segir að fyrir tæpum þremur árum hafi landssambandið fengið danskan kunnáttumann til að halda námskeið í skyndibitagerð hér á landi og í kjölfar þess hafi bakarar farið að reyna fyrir sér á því sviði og bjóði nú í auknum mæli alls konar smurt brauð og smárétti, bökur og fyllt stykki í hæfilegum umbúðum fyrir einn.

Guðni segir að neytendur hafi tekið þessu mjög vel og fólk viti að það geti alltaf treyst því að smáréttabrauðið sé nýtt og ferskt.

Hann segir nýjan markhóp, iðnaðarmenn, hafa tekið að venja komur sínar í brauðbúðirnar og sömu sögu sé að segja um skólakrakka sem sækist í

auknum mæli eftir smáréttunum sem eru nú vaxandi þáttur í framleiðslu bakara og haldið verði áfram á þessari

braut enda hafi kökuneysla landsmanna minnkað.

Þóra Kristín

Græn innkaup

Nýverið gaf Umhverfisráðuneytið út kynningarrit um umhverfisvæn innkaup. Ritíð var unnið í samvinnu við Ríkiskaup, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins.

Ritinu er ætlað að vera gagnleg handbók um umhverfisvæn innkaup, þar sem reynt er að útskýra í hverju það hugtak felst, hver ávinningurinn af þeim er og hvernig hægt er að hrinda þeim í framkvæmd. Það er einkum ætlað þeim sem sinna eða taka þátt í opinberum innkaupum en ætti einnig að gagnast öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér viðfangsefnið.

Í ritinu kemur fram að umhverfisvæn innkaup snúast um að velja fremur umhverfisvænar vörur en þær sem valda umhverfinu meiri skaða. Umhverfisvænar vörur má skilgreina sem vörur sem síður eru skaðlegar heilsu manna og umhverfinu en sambærilegar vörur ætlaðar til sömu nota.

Vara er umhverfisvæn ef hún:

- Þjónar tilgangi sínum vel og er hagkvæm í rekstri
- Er sparneytin á orku og auðlindir

- Notar lágmarks mögulegt hlutfall hráefna
- Notar hámarks mögulegt hlutfall endurnýtttra efna
- Veldur ekki mengun eða a.m.k. lágmarks mögulegri mengun
- Er endingargóð og auðveld í viðhaldi og endurnýjun
- Er endurnotanleg og/eða endurvinnanleg


Einnig er í ritinu gefið yfirlit yfir grundvallarsjónarmið sem hafa ber til

hliðsjónar við umhverfisvæn innkaup, auk aðferða og hjálpargagna sem notuð eru. Fjallað er um umhverfismerki, spurningar til birgja og umhverfiskröfur í útboðslýsingum. Að lokum er að finna í ritinu leiðbeiningar um fyrstu skrefin við mótun umhverfisstefnu í innkaupum og innkaupagátlista fyrir nokkra vöruflokk.

Innan tíðar er væntanleg vefútgáfa af hand-

bókinni sem verður að finna á vef Samtaka iðnaðarins, umhverfisráðuneytisins og víðar. Þar verða gátlistar uppfærðir og nýjum bætt við eftir því sem fram líða stundir.

Ólafur Kjartansson



Íslensk málmsteypa hlutskörpust



Fyrir skömmu tók Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. þátt í alþjóðlegu útboði sem fólst í að steypa barrakraga á skautleiðara fyrir ál-íðjuver í Sviss. Alls tóku sex málm-

steypur víðs vegar í Evrópu þátt í útboðinu.

Skemmst er frá því að segja að hin íslenska málmsteypa bauð lægsta verð

og hreppti þetta tuttugu milljóna króna verkefni. Sannast þá enn einu sinni að íslensk málmíðnaðarfyrirtæki, sem fylgjast vel með og tileinka sér nýjustu tækni, eru samkeppnisfær á alþjóðamarkaði. Þessi ánægjulegu tíðindi ættu að verða öðrum hvatning til að hika ekki við að leita verkefna til útlanda. Þar eru víða góðir möguleikar og má í því sambandi minna á að Stál-tak hf. er nú að smíða hreinsibúnað fyrir álver í Noregi.

Ingólfur Sverrisson

Stefnumót evrópskra fyrirtækja á Ítalíu



Á þriðja þúsund fyrirtækja frá 80 löndum eiga fulltrúa á næsta Europartenariat sem haldið verður í Palermo á Ítalíu 4. - 5. desember næstkomandi.

Europartenariat fyrirtækjastefnumót eru tveggja daga atburðir ætlaðir fyrirtækjum sem eru að leita að samstarfsaðilum í öðrum löndum. Síðast var slíkt stefnumót haldið í Danmörku í júní og tóku 30 íslensk fyrirtæki þátt í því. Flest þeirra eru þegar komin í samstarf við önnur fyrirtæki sem þau komust í samband við á mótinu eða telja að þátttakan leiði til samstarfs á næstunni.

Fyrirtækjunum á stefnumótinu á Ítalíu verður skipt í 12 mismunandi hópa eftir starfsgreinum og þar á meðal eru fyrirtæki í matvælaíðnaði, upplýsingatækni, málmíðnaði, húsgagna-, textil-,

rafiðnaði svo að dæmi séu tekin.

Stefnumótin njóta sífellt meiri vinsælda fyrirtækja víða um heim og Evrópusambandið, sem styrkir þessi mót, telur þetta vera eina markvissustu aðferðina til að leiða saman fyrirtæki sem vilja hefja samstarf. Landsfulltrúi Íslands á stefnumótinu á Ítalíu er Emil B. Karlsson, alþjóðafulltrúi Impru á Iðntæknistofnun. Hann telur fyrirtækjastefnumótið henta vel litlum fyrirtækjum, einkum í matvælaframleiðslu og textiliðnaði, sem eru að leita fyrir sér um erlent samstarf.

Íslenskum fyrirtækjum hefur verið boðið að taka þátt í stefnumótum þessum án þátttökugjalds. Þeim fyrirtækjum, sem hafa í hyggju að taka þátt í Europartenariat fyrirtækjastefnumótinu, er bent á að skrá sig hið fyrsta á Netinu á slóðinni www.europartenariat.it



Björgvin Frederiksen heiðraður

Fyrir skömmu gaf Björgvin Frederiksen, vélsníðameistari Málmis, - samtökum fyrirtækja í málm- og skipnaði, listaverk úr málm sem hann gerði sjálfur. Hann kallar myndverkið Orka + Iðnaður = Hagvöxtur.

Um leið og Theódór Blöndal, formaður Málmis, þakkaði þessa höfðinglegu gjöf var Björgvin heiðraður með merki félagsins sem steipt er í kopar.

Björgvin Frederiksen var um árabíl í forystusveit í samtökum málmíðnaðarfyrirtækja og varð formaður Landsambands iðnaðarmanna aðeins 38 ára gamall. Hann lærði iðn sína hér á landi og stundaði viðbótarnám erlendis og var síðan einn af brautryðjendum í kælitækni á Íslandi. Þá sat hann í

skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík og hefur allt til þessa dags fylgst vel með öllu því sem er að gerast og til framfara horfir í iðnaðinum.

Hann er nú 86 ára gamall og mjög ern.

Björgvin Frederiksen hélt sýningu á smíðagripum sínum árið 1993 og vakti hún verðskuldaða athygli allra þeirra sem unna fögru og listrænu handverki.

Ingólfur Sverrisson



Theódór Blöndal afhendir Björgvini Frederiksen merki félagsins



Stjórn Málmis ásamt heiðursfélaganum Björgvini

Vel heppnuð málmsuðurráðstefna

Fjölmennt norræn málmsuðurráðstefna fór fram í Reykjavík 20. til 22. september sl.

Meginumræðuefni á ráðstefnunni voru:

1. Suða á léttmálmum, áli og magnesíum
2. Suða á ryðfríu stáli og varnir gegn tæringu
3. Gæðastýring á málmsuðu í fyrirtækjum

Eftir að íslenskir og erlendir sérfræðingar höfðu fjallað um ofangreind viðfangsefni fóru fram ýtarlegar umræður sem urðu enn til að skýra hina öru tækniþróun á þessu sviði málmíðnaðarinnar.

Ráðstefnan tókst mjög vel og var öllum, sem að komu, til mikils sóma.

Ingólfur Sverrisson





Stemningin var dulúðug og spennandi

UTS-2000

Um 120 manns sóttu UTS-2000, fyrirlestra og málþing á vegum Samtaka iðnaðarins og SÍH á Agora, undir yfir-



skriftinni „Upplýsingatækni í þjónustu sveitarfélaga.“ Á dagskrá voru sautján erindi, þar af átta kynningar UT-fyrirtækja og níu um þarfir og framtíðarsýn forsvarsmanna og fulltrúa sveitarfélaga um land allt. UTS-2000 þykir afar vel heppnað og voru jafnt gestir sem framsögumenn ánægðir að þingi loknu.

MÁLÞING UM UPPLÝSINGATÆKNI

Um 230 manns sóttu málþing Agora um upplýsingatækni undir yfirskriftinni „Sýnir morgundagsins - Bringing Visions of the Future to the Present.“

Meðal þeirra sem fram komu var Bjarni K. Þorvarðarsonar hjá Íslandsbanka-FBA sem sagði m.a.: „Það er til að mynda áberandi hvað skattalöggjöfin er okkur óhagstæð og hindrar tækifæri og möguleika bæði hvað varðar fjármagn til að vera í landinu, fjármagnsstýringu og fá erlent fjármagn til landsins.“ Kristinn Þórisson hjá Soliliquy lagði áherslu á að tölvur yrðu „mennskari“ í framtíðinni. Fyrirtæki hans hafi lagt áherslu á þetta með þróun gervigreindarforrita fyrir Netið. Þannig er hægt er að bjóða á Netinu einstaklingsbundna þjónustu sem svarar þörfum viðkomandi. Skúli Mogensen hjá OZ tók undir sjónarmið



Margt vakti áhuga Íslendinga enda fjölmargar nýjungar kynntar á Agora



Bekking og ráðgjöf lykilatriði í framtíðinni; Oddi hf. prentsmiðja



Kynning sýnenda var fagleg og gagnvirk fyrir iðnaðinn



Kristins og sagði það hefði sýnt sig að mörg bestu og framsæknustu fyrirtæki heims töluðu aldrei um tæknistaðla



Fjarskiptafyrirtækin kepptust um athygli gesta



Oft var þröngt á þingi í básum sýnenda

eins og WAP, GPRS, IP o.s.frv. heldur aðeins að notendavæn þjónusta skipti höfuðmáli.

MÓTTAKA GESTA Á VEGUM EFTA

Samtök iðnaðarins buðu gestum EFTA Consultative Committee Business Workshop í móttöku á Agora. Vilmundur Jósefsson, formaður SI, ávarpaði gesti og William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA hélt framsögu. Gestir skoðuðu sýninguna og létu vel af. Einkum vakti athygli þeirra sýningarsvæðið sem tileinkað var heilbrigðistækni og þó sérstaklega kyn-



Þórólfur Árnason verkfræðingur og forstjóri Tals talaði til krakkanna eins og honum einum er lagið

ing Friðriks Skúlasonar hf. á ættfræði Íslendinga.



Hljómsveitin Jagúar tróð upp á föstudagskvöldinu og spilaði af snillið við mikinn fögnuð unga fólksins



Andrúmsloftið var afslappað og suðrænt í hitabeltisbás fyrirtækisins i7



Agora var án efa markaðstorg upplýsingatækni-íðnaðar á Íslandi, AX-hugbúnaðarhús, Friðrik Skúlason hf. og Samstarfsveitvangur sjávarútvegs og iðnaðar voru meðal sýnenda



lagið, um sögu sína og starfsferil. Boðið var upp á skemmtidagskrá með hljómsveitinni Jagúar og Tvíhöfða, Ömmu-Lasanja frá Ömmubakstri og gos frá Vífilfelli og Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

FRAMTÍÐARSÝN 11 ÁRA BARNNA

Tæplega 200 ritgerðir bárust í samkeppni Agora og Samtaka iðnaðarins sem fram fór í haust á vefnum www.idnadur.is. Formaður dómnefndar var Ásdís Halla Bragadóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins en ásamt henni í nefndinni sátu Sverrir Briem, Silja Hauksdóttir og Birna Anna Björnsdóttir. Úrslit urðu sem hér segir:

1. Verðlaun: Kristján Eldjárn Hjörleifsson
2. Verðlaun: Sigurður Ásgeir Árnason
3. Verðlaun: Ásdís Ólafsdóttir

Einnig hlutu eftirfarandi börn viðurkenningarskjal fyrir að vera höfundar í hópi tíu bestu ritgerðanna (í stafrófsröð): Andri Már Stefánsson, Bjarni Frímann Bjarnason, Daníel Sigurðsson, Elías Rafn Heimisson, Jón Ásberg Sigurðsson, Marianna Þórðardóttir og Melkorka Rut Bjarnadóttir.

Samtök iðnaðarins óska vinningshöfum innilega til hamingju. Þrjár bestu ritgerðirnar eru birtar á vef Agora; www.agora.is.

Heimildir:

www.agora.is

www.idnadur.is

www.si.is

UNGU FÓLKI KYNNTIR KOSTIR VERK- OG TÆKNIMENNTUNAR

Á Agora efndu Samtök iðnaðarins og Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar til móttöku fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 19 ára til að kynna því verk- og tæknimenntun sem góðan starfsveitvangur framtíðarinnar. Ragnheiður Þórarinsdóttir, formaður hagsmunafélagsins ávarpaði gesti og Þórólfur Árnason, forstjóri Tals og verkfræðingur að mennt, talaði til unglinganna eins og honum einum er



Upplýsingatæknin er nýtt til fullnustu hjá einum stærsta fjölmíðli landins. Morgunblaðið kynnti fréttavef sinn mbl.is



Skyldu þeir vera að ræða um öryggi í gagnaflutningum? Skýrr hf. kynnti nýja þjónustu; Kerfisleigu



Metaðsókn að Matvæladegi



Frá v. Jón Steindór Valdimarsson, aðst.framkv. SI ásamt viðtakendum verðlaunanna, þeim Hólmgæiri Karlssyni, Ingibjörgu Guðsteinsdóttir og Ólafi Jónssyni frá Mjólkursamlagi KEA

Matvæladagur Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands var haldinn föstudaginn 13. október sl. í áttunda sinn.

Að þessu sinni var yfirskrift ráðstefnunnar „Örugg matvæli“ og var fjallað um tíðni og útbreiðslu matarsjúkdóma á Íslandi, stjórnkerfi í fyrirtækjum til að tryggja örugg matvæli. Auk þess fjallaði Dr. Lynn Frewer, sem er þekktur erlendur sérfræðingur á sviði neytendarannsókna, um viðhorf neytenda til áhættu sem tengist neyslu matvæla og hvernig þetta viðhorf mótast. Efni ráðstefnunnar var mjög í samræmi við þá umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu að undanförunu og hefur m.a. átt rætur að rekja til nýafstaðins salmonellufaraldurs. Það er því ekki að undra að aðsókn að matvæladeginum varð mun meiri en nokkru sinni fyrr eða hátt í 200 manns. Erindi öll voru mjög vel undir búin og vel fram sett og var gerður að þeim góður rómur. Nánar verður fjallað um efni ráðstefnunnar í næsta hefti Íslensks iðnaðar.

„Fjöregg MNÍ“ var afhent í fundarhléi en það er verðlaunagripur sem veittur er fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins gáfu verðlaunagripinn, eins og þau hafa gert frá því að fyrsti matvæladagurinn var haldinn árið 1993.

Í dómnefnd áttu að þessu sinni sæti

Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins, formaður, Heiða Hilmsdóttir, Eldhúsi Landspítala og Sjófn Sigurgísladóttir, Hollustuvernd ríkisins. Fjöldi tilnefninga barst og varð dómnefndin að gera upp á milli þeirra. Dómnefndin varð sammála um að sex tilnefningar bæru af og verðskulduðu að þeirra yrði sérstaklega getið. Aðeins ein tilnefning

hlaut þó verðlaunin og var alger einhugur um það innan dómnefndarinnar að sú hin sama stæði öðrum frammar og væri verðugur handhafi verðlaunanna.

Hér á eftir fer umsögn dómnefndar um þau fyrirtæki sem þóttu bera af:

- Íslenskt sjávarfang, nýtt og upprennandi fyrirtæki, fyrir þróun á mjög glæsilegri línu úr íslensku sjávarfangi, ætlað bæði fyrir stóreldhús og smásölumarkað.
- Heilsukostur, fyrir að setja gamla góða slátrið í nýjan búning. Nýtt stef við gamla hefð, hollari vara fyrir nútíma Íslendinga.
- Pottagaldrar, fyrir breiða línu af úrvalskryddi og kryddblöndum, áhugavert, kynningarefni og áherslu á gæði og hollustu.

- Samskip, fyrir mikið átak í gæðamálum, þar sem með sameiginlegu átaki allra starfsmanna hefur náðst ótrúlegur árangur í bættum flutningum matvæla á skömmum tíma.
- Jói Fel, fyrir starf frumkvöðuls á sviði bakaraiðnar og nú síðast fyrir glæsilega sælkeraverslun með kökur, brauð og spennandi álegg, þar sem einnig er hægt að tylla sér niður og fá sér kaffi og með því.

Að lokum fyrirtækið sem varð fyrir valinu:

Mjólkursamlag KEA fyrir úrvalsskyr sem virðist hafa öðlast hylli landsmanna, þar eð á aðeins tveimur árum hefur salan aukist úr 4-5 tonnum í 50-60 tonn á mánuði. Jafnframt má geta þess að heildarskýrsala í landinu hefur aukist um 28 % á síðustu tveimur árum og á KEA u.þ.b. 40% af markaðnum. Við framleiðsluna á KEA skyrinu er notuð þrýstisíun sem byggist á osmótískum þrýstingi og gefur skyrinu mjúka áferð sem fellur neytendum vel í geð.

Fyrirtækið hefur á síðustu árum auk þess komið með nokkrar skemmtilegar nýjungar. Má þar nefna Fljótandi smjörlíki sem inniheldur óherta rapsolíu en er samt með gamla góða smjörlíkisbragðinu, transítusýrulaust Akra-smjörlíki og ab-ost sem inniheldur lifandi ab gerla.

Síðast en ekki síst hefur Mjólkursamlag KEA nú eitt mjólkursamlaga fengið ISO-vottun á gæðakerfi sitt.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Íþróttta- og sýninga- höllin hf. stofnuð

Formaður SI, Vilmundur Jósefsson, og borgarstjórinn í Reykjavík, Ingi- björg Sólrún Gísladóttir, undirrituðu 28. september sl. samning um fjöl- nota íþróttta- og sýningahús í Laugar- dal.

Íþróttta-og sýningahöllin hf. býður út hönnun og byggingu hins nýja fjölnota húss og annast fjármögnun verkefnis- ins. Rekstur hússins og mannvirkja,



sem því tengjast, svo og lóð og bíla- stæði verða á höndum félagsins en það sér einnig um rekstur Laugardals- hallarinnar. Félagið sér um að markað- setja húsið og leigja það út og að selja

þá þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur annarra íþróttatengdra mannvirkja eða fasteigna þar sem rekin er sam- bærileg starfsemi.

Nám og störf

Síðastliðinn þriðjudag var undirritað samkomulag milli Samtaka iðnaðar- ins (SI) og Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í námsráðgjöf (FHÍN) um samstarfsverkefni um nám og störf á vefnum idnadur.is og stuðn- ing við nám í námsráðgjöf.

Í forsendum samkomulagsins segir: „Samtök iðnaðarins eiga og reka vef- inn idnadur.is. Einn hluti hans er Nám og störf en þar eru dregnar saman upplýsingar í gagnagrunn sem tengja saman nám, störf, skóla, fyrirtæki og í sumum tilvikum einstaklinga (viðtöl). Ekki er um neina sambærilega upplýs- ingaveitu að ræða á íslenskum vefsíð- um eftir því sem best er vitað.

Samtök iðnaðarins hafa gengið út frá þeirri forsendu að íslenskur iðnaður þurfi á vel menntuðu starfsfólki að halda og vilja þess vegna tengja nám við störf í fjölbreyttum iðnaði nútím- ans. Markmið SI er að fá ungt fólk til þess að hugsa um að það sé framtíð í iðnaði þegar það velur sér nám og störf.

Nám og störf hefur alla möguleika til að verða mjög mikilvægt tæki fyrir

náms- og starfsráðgjafa í störfum þeirra og hjálpargagn við kennslu í náms- og starfsráðgjöf. Að þessu leyti fara saman hagsmunir SI og þeirra sem annast kennslu og náms- og starfsráðgjöf.

Samstarf SI og FHÍN er þáttur í námi nemenda í náms- og starfsráðgjöf og felur m.a. í sér viðhald mikilvægs vinnutækis.“

Samtök iðnaðarins telja að sam- komulagið verði lyftistöng fyrir idnad- ur.is og muni auka og tryggja gæði þeirra upplýsinga sem er að finna um Nám og störf en sú upplýsingaveita er einstök í sinni röð hérlandis.

Jón Steindór Valdimarsson



Arnfríður Ólafsdóttir formaður Félags náms- og starfsráðgjafa og Jón Steindór Valdimarsson aðstoðarframkvæmtarstjóri SI

Meistarafélög Samtaka iðnaðarins

funda



Glaðbeittir fundarmenn

Meistarafélög SI í byggingariðnaði héldu fyrir skömmu fund á Flúðum þar sem m.a. voru rædd markaðsmál og gæðamál. Meistarar eru sammála um að vinna í framtíðinni nánar saman að hagsmunamálum sínum.

Langan tíma hefur tekið að koma á fundi með stjórnnum meistarafélaganna innan SI. Stjórnir þessara félaga koma nú saman í fyrsta sinn eftir heil átta ár. Á fundinum ræddu menn m.a. hvernig

meistarafélögin gætu unnið nánar saman að því að styrkja ímynd meistarans.

Haraldur Sumarliðason, fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins og Landssambands iðnaðarmanna, tók til máls að lokinni kynningu á gæðastjórnunarkerfi Samtaka iðnaðarins. Hann stiklaði á sögu meistarafélaganna og aðdraganda að stofnun Samtaka iðnaðarins. Hann ítrekaði að meistarafélögin yrðu að standa saman

um hagsmuni sína og um allt sem tengdist þeim. Hann talaði einnig um hvort ekki ætti að setja á laggirnar sameiginlega mælingastofu fyrir meistarafélögin. Guttormur Pálson sló botninn í fyrri dag fundarins með hugmyndum um markaðssetningu meistarafélaganna og nefndi t.d. hversu vel markaðssetning hjá bókurum hefði tekist.

Síðari daginn snerist umræðan um hugmyndir og kynningarstarf á meistarafélögum innan Samtaka iðnaðarins. Þar varð mjög lífleg umræða. Ályktun fundarins fól í sér að nauðsynlegt væri að breyta fyrirkomulagi starfsgreinahóps í byggingariðnaði þannig að starfið yrði markvissara. Jafnframt hvatti fundurinn nýjan starfsgreinahóp til að beita sér fyrir verkefnum meisturum til framdráttar, m.a. á sviði markaðs- og menntamála í samræmi við það sem kom fram á fundinum.

Guðmundur Þór Sigurðsson

Upplýsingatækni í framleiðslu

Á vegum Nordic Forum for Production Management

Næsta ráðstefna Nordic Forum for Production Management verður helguð upplýsingatækni í framleiðslu. Ráðstefnan fer fram í Stokkhólmi dagana 24. og 25. janúar nk. Meðal efnis, sem verður til umfjöllunar, má nefna:

- Skilyrði fyrir samkeppnishæfri framleiðslu rafeindatækja á Norðurlöndum, Flextronics US
- Hagnýtar hugmyndir um hnattræna framleiðslu rafeindavara, Danfoss
- Framleiðni og samkeppnishæfni hjá framsæknum fyrirtækjum á borð við ABB, Eriksson
- 3D Tolerance Management, ný

tæknivörubrúun, CTH, Tækniháskólinn í Stokkhólmi

- Upplýsingatækni og framleiðni, IVF

Eins og áður hefur komið fram taka Samtök iðnaðarins þátt í verkefni með systursamtökum á Norðurlöndum um „heimsklassaframleiðslu“ - World Class Manufacturing. Markhópur verkefnisins er framsæknustu fyrirtæki á Norðurlöndum.

Auk ráðstefnuhalds felst verkefnið í að byggja upp sameiginlega vefsíðu og persónuleg tengsl milli fyrirtækja og stofnana á sviðinu sem m.a. geta leitt til þekkingaruppbyggingar og verkefnasamstarfs í víðum skilningi. Meðal

slíkra verkefna má nefna samstarf um „hagnýt viðmið í framleiðslu“ – Benchmarking og „stjórnun aðfangakeðjunnar“ – Supply Chain Management.

Samtök iðnaðarins hvetja framsækin fyrirtæki í sínum röðum til að fylgjast vel með framvindu þessara verkefna og taka frá dagana 24.-25. janúar nk. til þátttöku í ráðstefnunni í Svíþjóð. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna verða sendar félagsmönnum og birtar hér í blaðinu og á Netinu innan skamms.

Davíð Lúðvíksson



Nýskipan nemaþjálfunar

Á ráðgjafaráðsfunði Samtaka iðnaðarins 5. okt. sl. var til umræðu hvernig unnt væri að jafna ábyrgð fyrirtækja á nemaþjálfun. Kynntar voru hugmyndir sem fela í sér að ábyrgð og kostnaði verði jafnað á fyrirtækin, t.d. með því að nýta farvegi opinberrar gjaldtöku.

Á fundinum fór Ingólfur Sverrisson, deildarstjóri hjá SI, yfir sögulegan aðdraganda að þeim vanda sem fyrirtækin standa nú frammi fyrir. Hin síðari ár

hefur atvinnulífið í vaxandi mæli litið á menntakerfið sem tæki til þess að efla hagræðingu og framleiðni fyrirtækja. Nú á tímum sé mannauðurinn grundvöllur að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni fyrirtækja. Með framhaldsskólalögunum 1996 var atvinnulífinu opnuð leið til áhrifa og ábyrgðar í iðn- og starfsnámi. Á sama hátt þurfa ríkið og einstök fyrirtæki að axla samsvarandi ábyrgð á vinnustaðanámi. Ljóst sé að gefa verði fyrirtækjum, sem það kjósa og uppfylla tilteknar

kröfur, tækifæri til þess að annast kennslu og þjálfun í iðngreinum sem þau varðar og að þjálfar fagmenn sem eru sérhæfðir í að leiðbeina nemendum. Allt kosti þetta hins vegar fjármuni sem sé ekki leggjandi á einstök fyrirtæki umfram önnur. Hér þurfi að koma til almennar aðgerðir.

Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri Morgunblaðsins, greindi frá kerfi sem Danir hafa komið á til þess að mæta þessari þörf. Um er að ræða sjóð sem nánast öll dönsk fyrirtæki og hið opinbera greiða í samkvæmt sérstökum lögum. Starfsfyrirkomulag sjóðsins er mótað af dönskum aðstæðum og því ekki skynsamlegt að yfirfæra það beint á íslenskar aðstæður. Sjóðurinn hefur hins vegar sama markmið og nást þarf hér á landi, þ.e. að efla og jafna ábyrgð fyrirtækjanna á þjálfun nema og gera hana markvissari. Þannig njóti nemar, fyrirtæki og allt atvinnulífið góðs af.

Niðurstaða fundarins var sú að fela stjórn Samtaka iðnaðarins að skipa starfshóp sem vinni tillögur að fyrirkomulagi nýskipanar nemaþjálfunar og hvernig staðið skuli að fjármögnun hennar.

Ingi Bogi Bogason

Nýr bæklingur um uppmælingu



Meistara-og sveinafélög byggingamanna, sem standa að mælingastofum, hafa gefið út fróðlegan kynningarbækling um starfsemi mælingastofanna en hér á landi eru reknar nokkrar slíkar stofur í Reykjavík, Hafnarfirði og á Suðurnesjum.

Í bæklingnum eru raktir helstu kostir uppmælingakerfisins en fyrir því er áratugalöng hefð hér á landi. Í bæklingnum segir m.a. að uppmæling hvetji til aukinna afkasta án þess að koma niður á gæðum og komi í veg fyrir ágreining um verð að verki loknu.


Nánari upplýsingar veitir Guttormur Pálsson hjá Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði, netfang mih@mmedia.is



**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**

Heildarsamtök iðnaðar á Íslandi

1100101011001101101010010010010010



Vefur fyrir ungt fólk

Iðnadur.is er miðstöð mikilvægra upplýsinga sem eiga erindi við ungt fólk.

- IÐAN
- NÁM OG STÖRF
- FYRIRTÆKIN
- SAGAN
- TÖLURNAR
- UMHVERFIÐ
- NÝSKÖPUN



IÐAN er staðurinn sem þú sækir til þess að vita hvað er á seyði í félags- og menningarlífi framhaldsskólanema.

IÐNADUR.IS

Veldu þér
framtíð

www.idnadur.is